

ENDURMENNTUN^{HÍ}



Leiðsögunám á háskólastigi

KENNSLUSKRÁ 2019-2020
Fjarnám eða staðnám

Almennar upplýsingar.....	3
Markmið námsins	3
Fyrir hverja	4
Fagrað, kennslustjóri og fagleg umsjón með námskeiðum.....	4
Kennarar/fyrirlesarar.....	5
Einingar og námsvinna	5
Kennslutilhögun.....	5
Námsmat og viðvera.....	5
Fjarnám	5
Námsráðgjöf.....	6
Verð og greiðslufyrirkomulag	6
Lánamöguleikar og styrkir.....	6
Námstækni og vinnulag	7
Vinnustofur í tungumálum.....	8
Leiðsögumaðurinn.....	9
Æfingaferðir.....	10
Íslenskt nútímasamfélag.....	11
Ferðapjónusta og áhrif ferðamennsku	12
Náttúra Íslands – jarðfræði	13
Menning og saga –.....	14
Náttúra Íslands – líffræði	15
Ferðalandafræði.....	16
Hringferð	17

Almennar upplýsingar

Leiðsögunám á háskólastigi hefur verið afar vinsælt allt frá árinu 2008 og hafa nú þegar nokkur hundruð leiðsögumenn útskrifast frá ENDURMENNTUN HÍ. Námið er 60 eininga (ECTS) á grunnstigi háskóla og er kennt á tímabilinu september til loka maí. Alla jafna er ein námsgrein kennd í senn sem lýkur með prófi og/eða verkefni áður en sú næsta hefst. Mögulegt er að sækja námið í staðnámi eða fjarnámi. Í lok náms fá nemendur sem lokið hafa öllum námskeiðum skírteini sem vottar þátttöku og frammistöðu. Námið má fá metið að hluta eða öllu leyti inn í 180 eininga BA/BS nám við Mála- og menningardeild HÍ og einnig í ferðamálafræði við HÍ. Fer það eftir tilhögun þess náms sem nemandi sækir við Háskóla Íslands hverju sinni og fyrirvara um að nemandi uppfylli inntökuskilyrði Háskóla Íslands.

Sótt er um námið á www.endurmenntun.is

Nánari upplýsingar veitir Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri í síma 525-4924.

Markmið námsins

Megináhersla er lögð á hagnýta þekkingu á sviði leiðsagnar með ferðamenn.

Námið miðar að því að nemendur:

- Geri sér grein fyrir eðli og starfsemi ferðaþjónustu á Íslandi, ólíkum hópum og væntingum ferðamanna, ímynd lands og þjóðar ásamt þýðingu atvinnugreinarinnar fyrir þjóðarbúið.
- Öðlist skilning á samspili ferðamennsku og umhverfis og geti metið áhrif ferðamennsku á umhverfi og samfélag.
- Hafi góða innsýn í sögu og menningu Íslands ásamt þróun íslensks samfélags og geti miðlað helstu þáttum til ferðamanna.
- Kunni skil á hlutverki og ábyrgð leiðsögumanns og þjálfist í hópstjórn og samskiptum við ferðamenn og aðila í ferðaþjónustu.
- Hafi haldgóða þekkingu á helstu þáttum náttúrufars Íslands og geti miðlað þeirri þekkingu til ferðamanna.
- Þjálfist í skipulagðri miðlun fróðleiks við hæfi m.a. með aðferðum umhverfistúlkunar á völdu tungumáli og öðlist um leið aukinn sérhæfðan orðaforða sem tengist sögu, menningu og náttúru Íslands.

Fyrir hverja

Námið hentar þeim sem vilja búa sig undir starf leiðsögumans á Íslandi með erlenda ferðamenn.

Inntökuskilyrði í námið er:

- Stúdentspróf eða sambærileg menntun.
- Gott vald á íslensku.
- Fullt vald á því tungumáli sem umsækjandi hyggst nota í leiðsögn.
- Standast þarf inntökupróf í einu erlendu tungumáli.

ENDURMENNTUN HÍ áskilur sér þann rétt að bjóða upp á takmarkaðan fjölda tungumála í leiðsögunáminu hverju sinni. Sú ákvörðun tekur mið af fjölda umsækjenda með hvert tungumál. Gjald fyrir inntökupróf er 10.000 kr.

Fagráð, kennslustjóri og fagleg umsjón með námskeiðum

Umsóknir eru metnar af fagráði, sem eftirtaldir aðilar skipa:

- Erna Guðrún Agnarsdóttir, námstjóri hjá EHÍ
- Guðmundur Björnsson, kennslustjóri námsins hjá EHÍ
- Hulda Mjöll Hauksdóttir, verkefnastjóri námsins hjá EHÍ
- Oddný G. Sverrisdóttir, prófessor við Hugvísindasvið HÍ
- Rannveig Ólafsdóttir, prófessor í ferðamálafræði við HÍ
- Tryggvi Jakobsson, fulltrúi frá Félagi leiðsögumanna
- Unnur Svavarsdóttir, fulltrúi frá Samtökum ferðaþjónustunnar

Kennslustjóri

Guðmundur Björnsson, ferðamálafræðingur og leiðsögumaður

Fagleg umsjón námskeiða

Íslenskt nútímasamfélag: Fagleg umsjón er í höndum kennslustjóra námsins.

Ferðaþjónusta og áhrif ferðamennsku: Fagleg umsjón er í höndum kennslustjóra, dr. Önnu Dóru Sæþórsdóttur og dr. Rannveigar Ólafsdóttur.

Náttúra Íslands – jarðfræði: Fagleg umsjón er í höndum dr. Ármanns Höskuldssonar, eldfjallafræðings og dr. Þorvalds Þórðarsonar, prófessors í berg- og eldfjallafræði.

Menning og saga: Fagleg umsjón er í höndum Guðbrands Benediktssonar, safna- og sagnfræðings.

Náttúra Íslands – líffræði: Fagleg umsjón er í höndum kennslustjóra.

Leiðsögumaðurinn: Fagleg umsjón hagnýta hluta námsins er í höndum Snorra Valssonar, leiðsögumans og MA í alþjóðasamskiptum.

Vinnustofur í tungumálum: Tungumálakennarar við Deild erlendra tungumála við Háskóla Íslands, auk annarra. Nánar tilkynnt í tengslum við hvert tungumál.

Kennarar/fyrirlesarar

Fjöldmargir kennarar/fyrirlesarar koma að náminu. Hver þeirra er sérfræðingur á sínu sviði. Við viljum ganga svo langt og segja að hjá okkur kenni landslið fræðimanna og fagfólks á sínu sviði.

Einingar og námsvinna

Námið er 60 ECTS einingar á grunnstigi háskóla og spannar tvö misseri. Gerðar eru kröfur um talsverða heimavinnu, heimildaleit, lestur og verkefnavinnu. Námið má fá metið að hluta eða öllu leyti inn í 180 eininga BA/BS nám við Deild erlendra tungumála og ferðamálafræði. Fer það eftir tilhögun þess náms sem nemandi sækir við Háskóla Íslands hverju sinni og fyrirvara um að nemandi uppfylli inntökuskilyrði Háskóla Íslands.

Kennslutilhögun

Kennslu er þannig háttað að alla jafna er eitt námskeið kennt í einu sem lýkur með prófi og/eða verkefni áður en næsta námskeið hefst. Æfingaferðir eru farnar á báðum misserum og vinnustofur í tungumálum dreifast yfir bæði misserin. Kennsla fer að jafnaði fram tvisvar í viku, á þriðjudögum og fimmtudögum frá kl. 16:10 – 19:55. Þar fyrir utan fer fram talþjálfun (vinnustofur í tungumálum) í smærri hópum sem hittast reglulega á hvoru misseri.

Farnar verða tvær æfingaferðir, tvær vettvangsferðir og sex daga hringferð um landið í lok námsins. Kostnaður vegna æfingaferða og hringferðar er ekki innifalinn í námsgjaldinu og verður innheimtur sérstaklega þegar að þeim kemur. Lögð verður áhersla á að halda ferðakostnaði í lágmarki.

Öll kennsla fer fram á íslensku að undanskildum vinnustofum í tungumálum.

Námsmat og viðvera

Námsmat námskeiða byggir á verkefnavinnu, pistlagerð og prófum. Gert er ráð fyrir 100% viðveru í æfingaferðum og vinnustofum í tungumálum (fjarnemar geta verið þátttakendur í vinnustofum í gegnum Zoom eða Skype).

Fjarnám

Námið er kennt samhliða í staðnámi og fjarnámi. Munurinn á staðnámi og fjarnámi er að fjarnemar hlusta á upptökur eftir að kennslu lýkur hverju sinni og því getur hver og einn skipulagt sinn tíma sjálfur. Hver kennslustund er tekin upp og upptakan birt á samskiptavefnum Moodle. Þátttaka er því hvorki háð búsetu né fjarfundarbúnaði. Í upphafi náms verður farið ítarlega yfir samskiptavefinn Moodle, farið yfir helstu atriði í námstækni og akademískum vinnubrögðum. Þeir sem hafa hug á að stunda fjarnám eru beðnir um að taka það sérstaklega fram í umsókn. Mikilvægt er að fjarnemar hafi aðgang að öflugu interneti.

Námsráðgjöf

Öllum nemendum ENDURMENNTUN HÍ HÍAR Háskóla Íslands er velkomið að nýta sér þjónustu náms- og starfsráðgjafa ENDURMENNTUN HÍ HÍAR. Hlutverk námsráðgjafa er að veita nemendum stuðning á meðan á námi stendur. Hjá námsráðgjafa er hægt að fá endurgjöf á vangaveltur sínar og fá upplýsingar um námsmöguleika. Námsval sem byggir á áhuga, réttum upplýsingum og skilningi getur margfaldað ávinning nemandans af námi sínu.

Þjónusta námsráðgjafa:

- Ráðgjöf vegna námsvals
- Námsækninámskeið
- Fyrirlestur um próftækni, prófundirbúning og stjórnun prófkvíða
- Aðstoð vegna sértækra námserfiðleika
- Ráðgjöf um tímastjórnun og skipulagningu
- Áhugasviðsgreining

Verð og greiðslufyrirkomulag

Heildarverð námsins er 890.000 kr.

Eftir að umsókn hefur verið samþykkt er rafrænt inntökubréf sent til umsækjanda og í framhaldinu gefinn út reikningur fyrir heildarverði námsins.

Hægt er að semja um greiðslufyrirkomulag áður en nám hefst til dæmis með greiðsludreifingu til allt að 36 mánaða. Gengið er út frá því að umsækjandi sé jafnframt greiðandi námsins, ef óskað er eftir breytingum á því er viðkomandi beðinn um að hafa samband við gjaldkera okkar um það leyti sem inntökubréf berst. Ef engar óskir koma fram um breytingar á greiðanda eða greiðslufyrirkomulagi birtist greiðsluseðill í netbanka umsækjanda fljótlega eftir inntöku í nám. Fjöldi greiðsluseðla miðast við lengd náms hverju sinni og er greiðsluseðill gefinn út við upphaf hvers misseris.

Vinsamlega athugið að eftir að nám er hafið hefur nemandi skuldbundið sig til að greiða allt námsgjaldið og ekki er hægt að fá það fellt niður eða endurgreitt.

Allar nánari upplýsingar varðandi greiðslufyrirkomulag gefur Helga S. Ormsdóttir, gjaldkeri í síma 525-5295 eða á netfangið: helgaso@hi.is

Lánamöguleikar og styrkir

Við viljum vekja athygli á að námið er lánshæft hjá [Framtíðinni námslánasjóði](#).

Vakin er athygli á að ýmis stéttarfélög og margir vinnuveitendur veita góða styrki til náms.

Námstækni og vinnulag

Umsjón: Guðmundur Björnsson, ferðamálafræðingur og leiðsögumaður sem er jafnframt kennslustjóri námsins.

Námskeiðslýsing

Farið verður í námstækni, vinnulag, heimildavinnu, pistlagerð, grunnur lagður að hagnýtum en jafnframt akademískum vinnubrögðum. Farið yfir helstu aðgerðir í Moodle og fyrirkomulag í vinnustofum tungumála verður kynnt.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Kynnist samnemendum sínum í upphafi náms.
- Temji sér skipulögð og akademísk vinnubrögð.
- Læri að setja upp hnitmiðaða pistla þar sem vitnað er í heimildir.
- Fáí vitneskju um hvernig fyrirkomulagið í vinnustofum tungumála verði háttað.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar, verkefni og umræður.

Námsmat

Einstaklingsverkefni

Heimapróf

Námskeiðið er: 2 ECTS

Vinnustofur í tungumálum

Umsjón

Tungumálakennarar við Mála-og menningardeild Háskóla Íslands, auk annarra. Nánar tilkynnt í tengslum við hvert tungumál.

Námskeiðslýsing

Í vinnustofum fá nemendur þjálfun í að flytja stutta pistla á viðkomandi tungumáli um málefni er varða efnistöð sem farið er yfir í náminu. Lögð verður áhersla á hnitmiðaða, líflega frásögn sem er í senn fræðandi og skemmtileg, auk þess að vera byggð á tilvísuðum heimildum.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur geti tjáð sig munnlega á erlendu tungumáli og öðlist færni í að miðla upplýsingum og fróðleik til gesta um málefni er varða t.d. ferðaþjónustu á Íslandi, sögu Íslands, samfélagsgerð, náttúru, bókmenntir og listir.

Kennsluaðferðir

Talþjálfun þar sem nemendur fá tækifæri til að þjálfra aukinn orðaforða sem þeir öðlast í tengslum við innihald annarra námskeiða í náminu. Nemendum verður skipt í hópa eftir tungumálum sem hittast með jöfnu millibili yfir misserin.

Námsmat

Þrjú munnleg próf, eitt á fyrsta misseri og tvö á seinna misseri. Þátttaka í vinnustofum er skilyrði fyrir þátttöku í munnlegum prófum.

Námskeiðið er: 6 ECTS einingar

Leiðsögumaðurinn

Umsjón: Snorri Valsson, leiðsögumaður og MA í alþjóðasamskiptum.

Námskeiðslýsing

Farið verður í hópefli, framsögn, raddbeitingu og leiðir til árangursríkra samskipta kynntar. Menningarmunur skoðaður með áherslu á að þekkja og skilja helstu atriði er snúa að framkomu við ólíka menningarhópa. Nemendur kynnast aðferðum umhverfistúlkunar og farið verður í helstu þætti er snúa að starfi leiðsögumannsins. Nemendur fá þjálfun í leiðtogahæfni og farið verður í samskipti við samstarfsmenn s.s. bílstjóra og hópstjóra. Farið verður í markaðssetningu og skipulagningu ferða, ferðagögn, tímasetningar, tímastjórn og hvernig leiðsögumaðurinn kemur sér á framfæri. Loks verða sérstök námskeið í ferðamennsku og rötun, þar sem m.a. verða kennd undirstöðuatriði í rötun og notkun áttavita/staðsetningartækja (GPS), nauðsynlegan búnað og öryggismál.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Öðlist færni í að taka á móti og stjórna hópum ferðamanna af ólíkum uppruna.
- Þjálfist í samskiptum og viðbrögðum í hópvinnu.
- Kynnist undirstöðuatriðum framsagnar og raddbeitingar.
- Kynnist aðferðum umhverfistúlkunar.
- Kunni skil á skipulagningu og markaðssetningu ferða.
- Þekki undirbúning ferða.
- Þekki réttindi og skyldur leiðsögumanna.
- Öðlist færni í að undirbúa sig fyrir ferðir og grundvallaratriði rötunar.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar, verkefni og umræður.

Námsmat

Námsmat verður byggt á fjölbreyttum verkefnum. Í námsmati námskeiðsins eru meðal annars dagsferðir með ferðaskrifstofum sem nemendur skrifa skýrslu um og verkleg rötun sem lýkur með prófi.

Námskeiði er: 4 ECTS einingar

Æfingaferðir

Umsjón: Snorri Valsson, leiðsögumaður og MA í alþjóðasamskiptum.

Farið verður í æfingaferðir í nágrenni Reykjavíkur undir handleiðslu reyndra leiðsögumanna. Farið verður í samræmingu á þeim þekkingarpáttum er snúa að leiðsögn, svo sem raddbeitingu, hljóðnemataækni, frásagnartækni, staðreyndum, þekkingarmiðlun, samstarfi við bílstjóra/hópstjóra, hópstjórn og svo framvegis. Nemendur öðlast færni í að fræða hlustendur sína með áhugaverðri og samfelldri frásögn.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Þjálfist og öðlist færni í leiðsögn með aðferðum umhverfistúlkunar.
- Flétti saman þekkingu sína í samfellda frásögn.

Kennsluaðferðir

Námskeiðið byggir á tveimur ferðum, Gullna hringnum og ferð um Borgarfjörð. Nemendur skiptast á að koma í hljóðnemann og flytja pistla sína, hver nemandi talar 1 – 2 sinnum í ferð. Nemendur þurfa að sitja ferðina á enda þó að þeir hafi lokið sínum pistlum.

Námsmat

Námsmat verður byggt á þátttöku og frammistöðumati.

Ath. nemendur þurfa að standa straum af kostnaði við æfingaferðirnar.

Námskeiðið er: 2 ECTS einingar

Íslenskt nútímasamfélag

Umsjón: Guðmundur Björnsson, ferðamálafræðingur og leiðsögumaður.

Meginviðfangsefni

Fjallað um íslenskt nútímasamfélag og þróun þess út frá ýmsum þáttum, svo sem lýðfræði, landfræði, félagsvísindum og heilsvísindum. Megináherslan verður á þjóðfélagið eins og það er í dag, það sem er efst á baugi hverju sinni. Farið er í þróun byggða og svæða ásamt helstu grunnhugtökum íslensks samfélags með áherslu á stjórnskipun þess. Fjallað verður um ýmsa þætti innan opinberrar stjórnsýslu, velferðarkerfið, innlend stjórnmál og tengsl þess við alþjóðasamfélagið, vinnumarkað, innflytjendur, hlutverk kynjanna og gerð og hlutverk fjölskyldunnar. Ennfremur verður fjallað um þær breytingar sem hafa átt sér stað í íslensku efnahagslífi og mögulegar afleiðingar þess á samfélagið ásamt stöðu Íslands í alþjóðlegu samhengi.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Hafi undirstöðuþekkingu á samspili efnahagslífs, stjórnmála og félagsgerða í nútímanum.
- Þekki og geti útskýrt helstu stjórnskipulagskerfi sem mynda íslenskt samfélag svo sem heilbrigðis- og tryggingakerfi, vinnumarkaðinn, þróun innflytjendamála og formgerð og hlutverk fjölskyldunnar.
- Þekki og geti útskýrt sérstöðu hinna ýmsu landshluta og byggðarlaga á Íslandi og fólksflutninga milli svæða.
- Þekki helstu hugtök og verkfæri lýðfræði við mat og skýringar á mannfjöldapróun, þróun atvinnuhátta og málefnum fjölskyldunnar ásamt því að geta nýtt sér helstu upplýsingaveitur til árlegrar uppfærslu tölulegra upplýsinga og breytinga á íslensku samfélagi.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

Námsmat

4 pistlar

Heimapróf

Námskeiðið er: 6 ECTS einingar

Ferðapjónusta og áhrif ferðamennsku

Umsjón: Guðmundur Björnsson, ferðamálafræðingur og leiðsögumaður.

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um upphaf og þróun ferðamennsku og ferðalaga í heiminum og á Íslandi. Kynnt eru lykilhugtök og kenningar í ferðamálafræðum og gefin innsýn í rannsóknaraðferðir ferðamálafræðinnar. Námskeiðið veitir nemendum innsýn í hegðun ferðamanna, upplifun þeirra og eftir hverju ferðalangar eru að sækjast á ferðalögum. Kynnt eru markaðsmál, söluferlar og starfsumhverfi ferðapjónustu. Hugtakið þolmörk ferðamennsku er skoðað og áhrif ferðamennsku á umhverfi, samfélag og efnahagslíf. Kynntar eru mismunandi tegundir ferðamennsku og fjallað um samspil manns og umhverfis. Sérstök áhersla er lögð á sjálfbæra ferðamennsku og möguleika á að þróa slíka ferðamennsku hér á landi verða ræddir í ljósi skipulagningar og stjórnunar ferðamennsku.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Þekki helstu hugtök og kenningar í ferðamálafræðum.
- Geti beitt þekkingu sinni til að leggja mat á helstu áhrif ferðamennsku á samfélag, umhverfi og efnahagslíf.
- Geti skilgreint helstu markhópa ferðapjónustu og væntingar þeirra.
- Geti greint upplýsingar og viðhaldið þekkingu sinni um ferðamennsku m.a. með því að nýta sér helstu tölulegu upplýsingaveitur og gagnasöfn.
- Öðlist skilning á samspili ferðamennsku og umhverfis.
- Átti sig á mikilvægi þess að leiðsögumenn stuðli að því að neikvæð áhrif ferðamennsku séu sem minnst og hagi sér þannig í starfi sínu.
- Þekki og skilji hugtakið þolmörk ferðamennsku og geri sér grein fyrir notkunarmöguleikum og takmörkunum hugtaksins við greiningu á áhrifum ferðamennsku.
- Fá innsýn inn í þróun umhverfisstjórnunar í ferðamennsku erlendis og hér á landi.
- Fá innsýn inn í siðfræði ferðamennsku og umhverfissiðfræði.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

Námsmat

2 pistlar, hópverkefni og heimapróf.

Námskeiðið er: 8 ECTS einingar

Náttúra Íslands – jarðfræði

Umsjón: Dr. Ármann Höskuldsson, eldfjallafræðingur og dr. Þorvaldur Þórðarson, prófessor í berg- og eldfjallafræði.

Námskeiðslýsing

Í námskeiðinu verður farið yfir þau ferli sem hafa myndað og mótað Ísland í tímans rás út frá sjónarhóli innrænna og útrænna aflu. Jafnframt verður veðurfarssaga Íslands tekin fyrir sem og áhrif loftslagsbreytinga á myndunarsögu landsins. Einnig verður veitt innsýn inn í íslenskar náttúruauðlindir og nýtingu þeirra (til dæmis jarðhita og vatnsaflsvirkjanir) sem og tilurð og eðli norðurljósa.

Sérstök áhersla er lögð á sérkenni íslenskrar náttúru, þar á meðal afleiðingar einangrunar og þá umhverfisþætti sem áhrif hafa haft á mótun íslensks landslags og náttúrufars, jafnframt verður lögð mikil áhersla á jarðfræðilæsi nemenda með tengingu námsefnis við raunveruleg dæmi og verkefni á vettvangi í nágreppi Reykjavíkur.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Öðlist grundvallarskilning á jarðfræði og náttúru Íslands.
- Öðlist heildstæða mynd á myndun og mótun Íslands og geti sett Ísland í alþjóðlegt jarðsögulegt samhengi. Skilji samspil ráðandi ferla í myndun og mótun lands.
- Fá innsýn í veðurfarssögu landsins og hvernig hún tengist mótun landsins sem og landfræðilegri legu þess.
- Öðlist aukna færni í að lesa í landið og tengja saman mismunandi umhverfisaðstæður og setja þær í landmótunarlegt samhengi.
- Öðlist færni í að setja saman náttúruvænar ferðalýsingar.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar, verkefni, umræður og vettvangsferð.

Námsmat:

4 pistlar

3 einstaklingsverkefni

Námskeiðið er: 6 ECTS einingar

Menning og saga

Umsjón: Guðbrandur Benediktsson, safna- og sagnfræðingur.

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um íslenska menningu og birtingarmyndir hennar frá upphafi og fram á 21. öld. Nemendur fræðast um hversdagsmenningu þjóðarinnar í gegnum aldir, lifnaðarhætti hennar og efnismenningu og læra að skilja breytingarnar sem hafa átt sér stað. Skoðaðir verða meginatburðir í sögu Íslands, sjálfsmynd þjóðarinnar og samskipti við aðrar þjóðir. Lögð verður áhersla á að skilja söguna út frá fræðilegu sjónarhorni og öðlast gagnrýna sýn á hvers konar söguskoðun. Þannig verður meðal annars fjallað um hlutverk og hugmyndafræði þjóðríkisins síðan á 19. öld, þróun nútímasamfélagsins á 20. öld, áhrif heimsstyrjaldanna tveggja og þjóðlífsbreytingar á lýðveldistímanum. Leitast við að skoða menninguna í öllum sínum birtingarmyndum án þess að einskorðast við einstök menningarsvið. Farið verður yfir bókmennta- og listasögu Íslands, rifjuð upp og dýpkuð þekking á ýmsum bókmenntagreinum sem og listgreinum á borð við myndlist, tónlist, byggingarlist, hönnun, leiklist, kvikmyndagerð og fleira.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Hafi þekkingu á sögu Íslands og geti tengt hana staðháttum.
- Hafi þekkingu á efnismenningu Íslendinga og hafi innsýn í varðveislu hennar, framsetningu og miðlun.
- Hafi þekkingu á bókmenntum og bókmenntasögu á Íslandi.
- Hafi þekkingu á íslenskri tónlist, myndlist, kvikmyndagerð, hönnun, leiklist og byggingarlist.
- Fá innsýn í þjóðsagnahefð á Íslandi.
- Hafi þekkingu á alþýðumenningu á Íslandi í fortíð og nútíð.
- Fá innsýn í hvernig menning hefur breyst og tekið á sig nýjar myndir í mismunandi samhengi.
- Öðlist hæfileika til að sjá hvernig margbreytileiki íslenskrar menningar birtist í umhverfinu og geti tengt saman atburði, sögur og arfleifð í frásagnir til handa ferðamönnum.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar, umræður og verkefni.

Námsmat

6 pistlar og hópvekefni.

Námskeiðið er: 10 ECTS einingar

Náttúra Íslands – líffræði

Umsjón: Guðmundur Björnsson, ferðamálafræðingur og leiðsögumaður.

Námskeiðslýsing

Fjallað verður um lífríki Íslands, uppruna, einkenni og sérstöðu. Farið verður í helstu flokka plantna og kjörsvæði þeirra og fjallað um þróun gróðurfars hér á landi í gegnum jarðsögu landsins. Jafnframt er fjallað um hlutverk landhnignunar í gróðurfars sögu landsins og veitt innsýn í sögu landgræðslu og skógræktar. Enn fremur verður farið í ýmsar nýttjar plantna til matar, lyfjagerðar eða annars. Fjallað verður um íslensk húsdýr, innflutning þeirra og nýtingu í gegnum aldirnar, sem og villt spendýr á og við landið, veiðar þeirra og nýtingu. Áhersla verður lögð á fuglalíf á Íslandi, tegundir og kjörsvæði, og helstu fiskistofna ásamt fiskveiðum og þróun þeirra. Fjallað verður um vatna- og sjávarlíffræði, mengun sjávar og sjávarnytjar. Helstu hópar villtra hryggdýra (fiskar, fuglar og spendýr) verða kynntir með tilliti til flokkunar og lífshátta með sérstaka áherslu á íslenskar tegundir. Þá verður einnig farið yfir sögu íslenska hestsins.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Öðlist grundvallarþekkingu á flóru og fánu Íslands.
- Þekki notagildi hinna ýmsu gróður- og dýrategunda í fortíð og nútíð.
- Geri sér grein fyrir sérstöðu lífríkis Íslands og hvað það er sem skapar þessa sérstöðu.
- Nái góðri færni í að lesa landið og tengja saman mismunandi umhverfisaðstæður og setja þær í náttúrufræðilegt samhengi.

Kennsluaðferðir

Fyrirlestrar, umræður, verkefni og vettvangsferð.

Námsmat

4 pistlar

Heimapróf

Námskeiðið er: 6 ECTS einingar

Ferðalandafræði

Umsjón: Snorri Valsson, leiðsögumaður og MA í alþjóðasamskiptum.

Námskeiðslýsing

Landinu er skipt í sex megin svæði:

1. Reykjavík / Reykjanes,
2. Vesturland,
3. Vestfirðir,
4. Norðurland,
5. Austurland,
6. Suðurland.

Hvert svæði verður skoðað með tilliti til afþreyingarmöguleika og upplifunar fyrir ferðamenn. Dregið verður saman það helsta úr hverjum landshluta með tilliti til þess námsefnis sem farið hefur verið yfir í náminu. Nemendur fá heildarsýn yfir ofangreind svæði og þjálfast í að afla gagna og miðla þekkingu sinni til ferðamanna. Loks verður sérstakt námskeið í fyrstu hjálp og fyrirlestrar um sál gæslu og áföll.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Afli sér þekkingar varðandi afþreyingarmöguleika hvers landshluta og sérkenni hans.
- Fá heildstæða mynd af hverju svæði og öllum þáttum þess.
- Fá þjálfun í að afla sér upplýsinga um svæðisbundna ferðaþjónustu og afþreyingu.
- Fá kennslu í fyrstu hjálp sem sérstaklega er lagað að starfi leiðsögumanna, sambærilegt og námskeiðið *Fyrsta hjálp I* sem kennt er hjá Landsbjörgu.

Kennsluáferðir

Fyrirlestrar, umræður, verkefni.

Námsmat

4 pistlar

Verkefni

Próf í fyrstu hjálp

Námskeiðið er: 6 ECTS einingar

Hringferð

Umsjón: Snorri Valsson, leiðsögumaður og MA í alþjóðasamskiptum.

Námskeiðslýsing

Farið verður í hringferð undir handleiðslu reyndra leiðsögumanna. Nemendur halda ferðadagbók yfir skipulag ferðar, tímasetningar, áhugaverða staði, upplifun á þjónustupáttum og annað er viðkemur ferðinni. Einnig farið í samræmingu á þeim þekkingarþáttum er snúa að leiðsögn, svo sem raddbeitingu, hljóðnematækni, frásagnartækni, staðreyndum, tungumálakunnáttu, þekkingarmiðlun, samstarfi við bílstjóra og aðra samstarfsaðila, hópstjórn og svo framvegis. Nemendur öðlast þjálfun í að fræða hlustendur sína með áhugaverðri og samfelldri frásögn.

Hæfniviðmið/markmið

Að nemendur:

- Safni gögnum er nýttast mega í svæðafræðslu og á hringferðum.
- Þjálfist og öðlist færni í leiðsögn.
- Flétti saman þekkingu sína í samfellda frásögn.

Kennsluaðferðir

Farin verður sex daga hringferð; Vesturland – Norðurland – Austurland – Suðurland. Nemendur flytja pistla og leysa verkefni sem lögð eru fyrir á leiðinni auk þess að halda dagbók.

Námsmat

Námsmat er byggt á þátttöku, mati á frammistöðu og ferðaskýrslu.

Vinsamlegast athugið að nemendur greiða sjálfir kostnað við ferðina.

Námskeiðið er: 4 ECTS einingar